

Reglugerð um breytingu á reglugerð nr. 1200/2018, um heimilisuppbót og uppbætur á lífeyri.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 7. gr. reglugerðarinnar:

- a. Í stað orðanna "18-20 ára" í 1. málsl. 2. mgr. kemur: 18-25 ára.
- b. 2. málslíður 2. mgr. fellur brott.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 5. mgr. 9. gr., sbr. 14. gr., laga nr. 99/2007, um félagslega aðstoð, með síðari breytingum, og 70. gr. laga nr. 100/2007, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 11. júní 2021.

Ásmundur Einar Daðason.

Gunnhildur Gunnarsdóttir.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.